

Fimmtudaginn 30. nóvember 1995.

Nr. 259/1995.

Ákærvaldið(Björn Helgason saksóknari)
gegn**J**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Gagnaöflun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar 26. júlí 1995 að ósk ákærða samkvæmt b-, c- og d-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Í áfrýjunarbeiðni ákærða til ríkissaksóknara kom og fram, að til vara óskaði hann áfrýjunar í því skyni að fá endurskoðun á ákvörðun viðurlaga, sbr. a-lið 147. gr.

Af hálfu ákærvalds var áfrýjað til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu. Fyrir Hæstarétti krefst sækjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og andmælir sérstaklega kröfu um ómerkingu og heimvísun héraðsdóms.

Ákærði krefst sýknu, en gerir einnig þá kröfu, að héraðsdómur og öll meðferð málsins í héraði verði ómerkt.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms ritaði verjandi ákærða fyrir Hæstarétti ríkissaksóknara bréf 7. september 1995 og óskaði þess, að hann léti fara fram viðbótarrannsókn í málinu. Þess var bæði óskað, að vitni yrðu yfirheyrd að nýju fyrir dómi og önnur vitni kvödd fyrir dóm, sem höfðu ekki áður gefið þar skýrslur. Ríkissaksóknari féllst á beiðnina og óskaði þess við Héraðsdóm Suðurlands, að umbeðnar skýrslutökur færu fram. Héraðsdómur synjaði beiðninnar 6. október sl., þar sem ekki væri lengur að finna ákvæði í lögum nr. 19/1991, sbr. lög nr. 37/1994, heimild til viðbótarrannsóknar fyrir héraðsdómi að ósk málsaðila, eftir að dómi hefði þar verið lokið á málið.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit hljóðritunar af samtali verjanda ákærða í héraði við vitnið P 15. júlí 1995, þar sem vitnið kveðst draga fyrri skýrslur sínar í málinu að meira eða minna leyti til baka. Vitnið hefur ekki gefið skýrslu um þetta fyrir lögreglu.

II.

Í greinargerð verjanda ákærða fyrir Hæstarétti segir meðal annars:

„Ýmis gögn vantar frá ákærvaldinu í málið, svo sem fyrri lög-regluskýrslu, sem S gaf vorið 1994 . . . Sama gildir um vitnin M og S, sem gáfu skýrslur í maí 1994 . . . E er ekki yfirheyrður, enda þótt hans sé getið . . ., en hann hafði horn í síðu ákærða og átti a. m. k. að hluta upphaf að máli þessu. G, bróðir H, er ekki yfirheyrður þrátt fyrir gefin tilefni . . . Samkvæmt skýrslu K fyrir dómi var það bróðirinn G, sem gaf lögreglunni heildarskýrslu í málinu, þótt lög-reglan geti þess ekki. Upphafsmáður málsins skv. framburði K . . . og skv. framburði lögreglumanns . . . M, stjúpi A, var ekki yfir-heyrður þrátt fyrir sérstakt tilefni og margra mánaða afskipti, áður en lögreglurannsókn hófst. . . . Þá er engin gögn að finna um kærú B, föður A, til barnaverndaryfirvalda á hendur M . . . Ekki er að finna í málinu skýrslu skólasálfræðings um málið, sem þó ætti að vera auðaflað.“

Um lýsingu málsatvika í héraðsdómi segir verjandi meðal annars, að ekki sé um það getið, að stjúpi A hafi komið málinu af stað í þeim tilgangi meðal annars að leiða athyglina frá togstreitu milli stjúpfæðganna. Ekki sé „lýst ótta A við stjúpa sinn né ótta drengj-anna við þá, sem þeir stálu klámkvikmyndum frá, og því, að þeir voru skyldir drengjunum. Yfirleitt er lítt sagt frá tengslum vitna og aðila, og heildarmyndin er óskýr.“

III.

Þegar gögn málsins eru virt í heild, verður að fallast á, að í málið skorti ýmsar skýrslur, sem nauðsynlegar hljóta að teljast, til þess að dómur verði réttilega á það lagður. Þykir því rétt samkvæmt 1. mgr. 156. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 16. gr. laga nr. 37/1994, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir héraðsdómara í samráði við málflytj-endum að láta frekari yfirheyrslur og gagnaöflun fara fram fyrir dómi, áður en dómur verður að nýju lagður á málið.

Áfrýjunarkostnaður vegna þáttar málsins greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til frekari gagnaöflunar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður þessa þáttar málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns.
